

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna Kílhraunsveggar 1-56.

Skipulagsstofnun staðfesti 16. júlí 2025 breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 sem samþykkt var í sveitarstjórn 21. maí 2025.

Í breytingunni felst að íbúðarbyggð ÍB1 í Áshildarmýri stækkar um 33 ha og heimiluð verður uppbygging 70 íbúðarlóða í stað 31 lóðar. Frístundabyggð F4 minnkar til samræmis og verður 10 ha og gert ráð fyrir fjórum lóðum en sá hluti frístundabyggðar sem var innan flóðasvæðis verður landbúnaðarsvæði.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 16. júlí 2025.

F.h. forstjóra,
Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 30. júlí 2025